

07.02.2018

Málsnr.: 201803006
Skjalasafn Mosfellsbæjar – Kjarna

1 MAR 2018

Bréfalykill: 19.3

Bæjarráð Mosfellsbæjar
b/t Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Teigsland ehf. sem eigandi samnefnds lands í Mosfellsbæ óskar eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um framtíðarnýtingu landsins.

Félagið er að meirihluta í eigu undirritaðs og Sigurðar Gísla Pálmasonar en auk þess eiga Bjarni Ásgeir Jónsson og systkini fjórðungshlut og er félagið að fullu fjármagnað af eigendum sínum. Auk þess hefur verið haft samráð við eiganda aðliggjandi lóðar.


Frá því starfsemi Brúneggja lagðist af fyrir rúmu ári, þá hefur verið farið yfir kosti og galla á áframhaldandi nýtingu þess húsnæðis sem er til staðar. Niðurstaða okkar er að það sé skynsamlegt að skoða aðra valkosti um nýtingu landsins.

Af hálfu félagsins hafa verið mótaðar hugmyndir um að fjarlægja núverandi fasteignir og skipuleggja landið undir blandaða atvinnu- og íbúðabyggð sem að okkar mati ættu að vera áhugaverðar fyrir bæjaryfirvöld að skoða nánar. Um gæti verið að ræða 10 -15 þús. m² af atvinnuhúsnæði og 200 íbúðir í sérbýli og fjölbýli, bæði á því landi sem er skilgreint er í aðalskipulagi sem íbúðasvæði og landbúnaðarsvæði.

Það er ósk okkar að fá að kynna þessar hugmyndir fyrir bæjaryfirvöldum við fyrsta tækifæri og fá tækifæri til þróa þessar hugmyndir og framkvæma í samvinnu við bæjaryfirvöld.

Virðingarfyllst,

f.h. Teigslands ehf.



Jón Pálmason,

stjórnarformaður